



Reglur Vesturbyggðar um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna á Barðaströnd.

1. gr.

Foreldrar/forráðamenn skulu eiga lögheimili í Vesturbyggð og barn þarf að hafa náð 6 - 9. mánaða aldri. Miðast þetta við hámarksrétt fæðingarorlofs sem er 9 mánuðir hjá sambúðaraðilum/hjónum en 6 mánuðir hjá einstæðu foreldri.

2. gr.

Niðurgreiðsla Vesturbyggðar miðast við aldur barns samkv. 1. gr þessara reglna og til 5 ára aldurs.

3. gr.

Dagforeldri sem tekur barn í gæslu þarf að hafa leyfi frá Vesturbyggð samkvæmt reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris og Vesturbyggðar. Dagvistun er aðeins niðurgreidd að barn sé vistað hjá dagforeldri með starfsleyfi frá Vesturbyggð.

4. gr.

Niðurgreiðslur miðast við fjölda tíma í vistun á dag. Ekki er greitt fyrir minna en 4 klst. á dag. Ekki er niðurgreitt fyrir máltíðir á vistunartíma.

5. gr.

Þegar barn byrjar í dagvistun tilkynna foreldrar dagforeldri að þeir óski niðurgreiðslu og dagforeldri sendir Vesturbyggð útfyllt eyðublað þar sem koma fram upplýsingar um dvalartíma barns. Foreldrar þurfa að staðfesta dvalartíma hjá dagforeldri. Niðurgreiðsla kemur til frádráttar frá dagvistunargjaldi og rennur til dagforeldris. Niðurgreitt er fyrir daggæslu 11 mánuði ársins. Foreldrar skulu greiða dagvistunargjald í upphafi hvers mánaðar skv. Samningi um daggæslu hjá dagforeldri.

6. gr.

Nauðsynlegt er að foreldrar láti dagforeldri vita ef barn er haldið sjúkdómi og / eða barn þarf á lyfjagjöf að halda á meðan vistun stendur. Foreldrar láti dagforeldri vita af hugsanlegur fæðuóþoli barns síns og fylgist með útgáfu matseðla sem skulu gefnir út fyrirfram fyrir hvern mánuð.

7. gr.


Veittur er 25% viðbótar niðurgreiðsla ef um systkini er að ræða í daggæslu.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglna Vesturbyggðar um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Samþykkt á 913. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar, 26. janúar 2021.

Patreksfirði, 28. janúar 2021


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

